


Amelia Earhart



Amelia Mary Earhart fæddist
24. júlí 1897 í Bandaríkjunum.

Hún fékk mikinn áhuga
á flugi þegar hún var um
20 ára gömul og fór
í fyrsta flugtímann sinn
3. janúar 1921.



Sex mánuðum eftir að Amelia fór í fyrsta
flugtímann sinn hafði hún safnað nægri upphæð
til að kaupa sér flugvél. Hún var gul á litinn og
Amelia kallaði hana "kanarífuglinn".

Á þessum tíma klæddist flugfólk sérstökum
flugfatnaði því að það var alls ekki hlýtt í
flugvélunum. Það klæddist loðfóðraðri kápu, húfu,
flugbuxum og hlífðargleraugum.



Amelia Earhart varð fyrsta konan til þess
að fljúga yfir Atlantshafið - frá Evrópu til
Bandaríkjanna - þegar hún flaug ásamt
tveimur öðrum flugmönnum
þann 17. júní 1928.

Fjórum árum seinna varð hún fyrsta
konan til þess að fljúga einsömul yfir
Atlantshafið. Það gerði hún 20. maí 1932.

Amelia Earhart





Ameliu langaði til að verða fyrsta konan til þess að fljúga hringinn í kringum hnöttinn.



Amelia og Fred Noonan siglingafræðingur lögðu af stað frá Bandaríkjunum 1. júní 1937.

Flugvélin sem þau flugu var af gerðinni Lockheed Electra.



Þann 2. júlí 1937 týndust Amelia og Fred og hefur ekkert spurst til þeirra síðan. Síðast þegar náðist samband við þau voru þau á flugi yfir miðju Kyrrahafinu, nærri Howland-eyjum.

Teiknaðu og litaðu fyrstu flugvél Amelíu Earhart



Hvað kallaði Amelia flugvélina sína?

Amelia Earhart



Hvað eru liðin mörg ár frá því að Amelia fór í fyrsta flugtímann sinn?

Svar: _____ ár



Hvað er langt síðan að Amelia flaug ein síns liðs yfir Atlantshafið?

Svar: _____ ár

Hvað var Amelia gömul þegar hún og Fred hurfu á flugi yfir Kyrrahafi?

Svar: _____ ára



Amelia Earhart



Hvað eru liðin mörg ár frá því að Amelia fór í fyrsta flugtímann sinn?

Svar: 101 ár



Hvað er langt síðan að Amelia flaug ein síns liðs yfir Atlantshafið?

Svar: 90 ár

Hvað var Amelia gömul þegar hún og Fred hurfu á flugi yfir Kyrrahafi?

Svar: 40 ára

